

**Fyrsti fundur Epsilondeildar haustið 2025 haldinn í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
miðvikudaginn 24. september kl. 17:00**

Margrét Guðmundsdóttir formaður setti fund og býður systur velkomnar til fundarstarfa eftir sumarfrí. Kveikti hún á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Undirbúningsnefnd þakkað fyrir og Harpa gerði nafnakall, Ásgerður ritaði fundargerð sem og að lesa fundargerðir síðustu tveggja funda 20. mars og 26. apríl.

Guðrún Sigríks Sigurðardóttir var með Orð til umhugsunar og sagði frá vináttu sem verður ekki mæld eða vegin í fjölda ára. Konur hafa löngum borið vináttu hver til annarrar og verða sterkar þegar þær standa saman. Hvatti hún konur til að líta til þess hvernig þær sjálfar geti verið öðrum góðar vinkonur. Síðan upplýsti hún okkur um að hafa nýtt sér gervigreind í undirbúningi þessa erindis og þannig geta lagt út frá þessum texta. Sagði hún þetta spennandi möguleiki og vissi af kennara sem gjörbreytti kennsluháttum og ánægður með það eftir að hafa kynnst gervigreindinni þó vissulega sé nauðsynlegt að vera á varðbergi.

Margrét formaður var með fréttir af starfi og fór yfir skipulag funda Epsilondeildar 2025-2026:

- Fyrsti fundur er haldinn í FSu miðvikudaginn 24.sept.
- Annar fundur verður haldinn í Óskalandi í Hveragerði laugardaginn 18.okt. Gunnvör, Harpa og Guðlaug
- Þriðji fundur/Jólafundur fimmtudaginn 27.nóv. á Flúðum Epsilonsystur í uppsveitum
- Fjórti fundur/Bókafundur í janúar og Erna Ingvarsdóttir bauð aftur heimili sitt sem fundarstað.
- Fimmti fundur í mars.
- Sjötti fundur/aðalfundur í apríl/maí.

Málþing Epsilondeildar er í fullum undirbúningi, það verður í FSu fimmtudaginn 30.október kl.17-19. og er um að gera að dreifa auglýsingunni vel þegar hún kemur.

Epsilondeild barst ósk frá Hrund Logadóttur forseta Landssambands DKG að taka að sér samskipta- og útgáfunefnd næstu 2 árin. Eydís Katla, Ásborg og Ingibjörg Þorgerður skipa nefndina en þær munu annast meðal annars útgáfu íslenska fréttabréfsins sem kemur út 2x á ári.

Þann 30.ágúst sl., var mkill og góður framkvæmdaráðsfundur sem ný stjórn Landssambandsins stóð fyrir, Margrét formaður sat fundinn fyrir hönd Epsilondeildar og Eydís Katla fyrir hönd samskipta- og útgáfunefndar. Margrét fór yfir það markverðasta en mikil orka og kraftur einkenndi fundinn.

Margrét fór yfir samsetningu Epsilondeildar haustið 2025 með fjölgun kvenna í Epsilondeild DKG í huga. Í Epsilondeild eru 28 konur þarf af 13 starfandi og 15 hafa látið af stöfum. Af 20 stofnfélögum eru enn 8 á meðal okkar og mikilvægt er að þær sem hafa lokið störfum séu með okkur áfram þar sem þær eru heill hafsjór af visku og þekkingu. Starfsvettvangur Epsilonsystra, skiptist upp í leik-, grunn- og framhaldsskóla, skólaþjónustu og annað. Búseta Epsilonsystra er í Árnessýslu og á Reykjavíkursvæðinu.

Þegar stungið er upp á konu til að ganga til liðs við deildina er þannig að senda þarf stjórn tölvupóst með nafni, starfsheiti, starfsstöð og greinargerð um konuna. Stjórn sendir út lista með nöfnum tilnefndra kvenna til deildarsystra sem hafa ákveðin frest til að koma með athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er svo hægt að bjóða tilnefndum konum að koma á kynningarfund 18.október nk.

Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu og Guðríður Egilsdóttir kennari og fagstjóri matvælagreina sögðu frá Erasmuns verkefnum sem FSu tekur þátt í. Soffía sagði frá að skólinn væri þátttakandi í fjölmörgum verkefnum og hefði verið farið í 12 ferðir á árunum 2024-25 sem er vel. Styrkir tengjast bæði bóknáms og verknáms kennslu og þá sérstaklega til að styrkja mannauðinn í skólanum og ólík verkefni verða til faglegs vaxtar. Gurrý sagði frá tveimur ferðum annarri til Väserås í Svíþjóð og þar heimsóttu nemendur og kennarar af matvælabraut, skóla sem höfðu framúrskarandi aðstöðu til kennslu og þar var einnig rekinn matsöustaður þar sem nemendur sjá um eldamennsku og rekstur. Hin ferðin var til Trapani í Sikiley með yfirskriftinni „Heilbrigðar lífsvenjur“ og tóku þátt í þeirri ferð þrír kennarar úr skólanum. Farið var yfir miðjarðarhafs fæðupíramítan og mesta áhersla lögð á sjálfbærni, árstíðarbundna fæðu úr nærumhverfinu. Þarna fengu kennarar að fara með námskeiðshaldaranum til ömmu og afa á fjölskyldurekið hótél þar sem þær tóku þátt í matreiðslu auk þess að fara á markaði og bryggjuna að versla varning fyrir hótelið. Einkunarorð þessarar fjölskyldu og námskeiðsins eru í anda Heimsmarkmiðana „aukin sjálfbærni, vera stolt af eigin uppruna í mat og hráefni og njóta betur“.

Önnur mál

Sigga og Bolette fengu happadrættisvinningana en þeir voru tveir að þessu sinni Gunna, Soffía og Gurrý fengu rósir sem þakklætisvott Fundi var slitið og slökkt á kertum vináttu trúmennsku og hjálpsemi. Eftir fundinn borðum við saman í FSu og fengum dýrindis íslenska kjötsúpu með heimabökuðu brauði og pönnukökur með sykri í eftirrött. Nemendur í grunnnámi matvæla- og ferðagreina í FSu sáu um eldamennsku og þjónuðu okkur til borðs.